



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 6. mars 2020
Tilvísun í mál: R20030033

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Heimild til hefja tilraunaverkefni um rafskútur fyrir borgarstarfsmenn.

Óskað er eftir að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja tilraunaverkefni sem er á áætlun Snjallborgarinnar Reykjavíkur um prófanir á rafskútum fyrir borgarstarfsmenn sem fjármagnað er af kostnaðarstað 01285-U-Snjallb og tilheyrir verkefni 30858 undir verkbeiðni 105729 á fjárfestingaráætlun 2020 (3 milljónir kr.).

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 4. mars 2020.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt: Minnisblað R20030033



Reykjavík, 04.03 2020
Málsnúmer: R20030033
PON
ÓJS

Lagt fyrir fund Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 12.03.2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð (MNL)

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON)

Efni: Heimild til hefja tilraunaverkefni um rafskútur fyrir borgarstarfsmenn.

Óskað er eftir að MNL heimili PON að hefja tilraunaverkefni sem er á áætlun Snjallborgarinnar Reykjavíkur um prófanir á rafskútum fyrir borgarstarfsmenn sem fjármagnað er af kostnaðarstað 01285-U-Snjallb og tilheyrir verkefni 30858 undir verkbeiðni 105729 á fjárfestingaráætlun 2020 (3 milljónir kr.).

Forsaga:

Rafskútur hafa síðustu misserin verið sífellt meira áberandi í umferðinni í Reykjavík. Meðal annars gerði fyrirtækið Hopp Mobility ehf. slíkar skútur aðgengilegar almenningi á götum Reykjavíkur í september 2019 gegn leigugjaldi og hafa þær notið mikilla vinsælda. Rafskúturnar eru umhverfisvænn ferðamáti til viðbótar við að vera snjöll örflæðis-samgöngulausn. Á stjórnendadegi Reykjavíkurborgar 2019 sýndu 16 stjórnendur áhuga á því að taka þátt í prófunum á rafskútum í starfsemi sinni ef til þess kæmi, enda slíkar skútur sérstaklega heppilega fyrir stuttar vegalengdir.

Greinargerð:

Stefnt er að því að Reykjavíkurborg leigi 10 rafskútur fyrir borgarstarfsmenn á árinu 2020 til að sækja fundi og sinna öðrum vinnutengdum erindum á vistvænan máta. Með verkefninu stígur Reykjavíkurborg enn frekar fram sem fyrirmynd annarra sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja þar sem hún stuðlar að notkun umhverfisvænna og snjallra ferðamáta í starfsemi sinni. Ekki er búið að taka ákvörðun um staðsetningu rafskútanna.

Aðgengi að örflæðis-samgöngulausnum eins og rafskútum styður við samþykktu mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og markmið um að heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi, en starfsfólk sem stundar reglulega útiveru er almennt talið við betri heilsu. Til viðbótar styður verkefnið á fjölbreytta vegu við samþykktu umhverfis- og auðlindastefnu borgarinnar 2015-2020.

Áætlað prófanatímabil er apríl 2020 til janúar 2021. Í kjölfarið verða tekin saman gögn yfir notkun og flæði hjóla um borgarlandið og verður hægt að bera þau saman við gögn um leigubílakostnað og/eða akstursgreiðslur og skoða hvort þær greiðslur lækki, standi í stað, eða hækki á þeim starfsstöðum þar sem rafskútur verða staðsettar. Ef hægt verður að sýna fram á að þessi tegund samgöngulausna geti stuðlað að vistvænni samgöngum og/eða lægri kostnaði fyrir starfsstaði borgarinnar, skapast grundvöllur fyrir borgina til að skala verkefnið upp og innleiða á fleiri starfsstaði hennar.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Mannauðs- og starfsumhverfissvið ásamt Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Í kjölfar prófanna verður skoðað með Mannauðs- og starfsumhverfissviði og Fjármála- og áhættustýringarsviði hvort hagkvæmara sé fyrir Reykjavíkurborg að fjárfesta í eigin rafskútum eða semja við aðila á markaði um aðgengi starfsfólks Reykjavíkurborgar að flotum þeirra á vinnutíma.

Áætlaður kostnaður við verkefnið felst í leigu á rafskútum, hönnun á merkingum á skúturnar samkvæmt nýjum hönnunarstaðli Reykjavíkurborgar, prentun og ásetningu.


Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir.

Kostnaðarstaður: 01285-U-Snjallb.

Kostnaðaráætlun: 3.000.000 kr.

Áætlað tilraunatímabil I: apríl 2020 - jan. 2021.

Virðingarfyllst,



Óskar J. Sandholt